


Nr.: VKL-209	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 21.03.2012		
Höf: LW	<h2>1. Innkaup og endurnýjun á bókasafni</h2>	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

1. Tilgangur

Þetta vinnuferli tryggir að skipulegar aðferðir séu notaðar við endurnýjun og innkaup á nýju kennsluefni fyrir bókasafnið.

2. Gildissvæði (umfang)

Þetta vinnuferli gildir fyrir alla þá endurnýjun og innkaup á bókum og öðru kennsluefni sem tengjast starfsemi skólans, en ekki fyrir t.d. skáldsögur og annað efni sem nemendur, kennarar og aðrir notendur bókasafnsins geta lesið sér til afþreyingar.

3. Ábyrgð

Skólameistari ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt ferli um endurnýjun á kennsluefni og ásamt sviðstjórum og kennurum ber honum að vera vakandi fyrir breytingum í íslensku og alþjóðlegu starfs- og gæðaumhverfi skólans.

Skólastjórar eru ábyrgir fyrir að koma ábendingum á framfæri við kennara og til bókasafns. Einnig eru þeir ábyrgir fyrir, ef við á, að fylgjast með, gegnum tímarit og sambönd sín við íslenskt og alþjóðlegt atvinnulíf, þróun á starfsemi IMO, útgáfu nýrra reglugerða, laga eða alþjóða samþykktu sem áhrif hafa á framsetningu kennsluefnis sem notað er í skólanum.

Kennarar eru ábyrgir fyrir að fylgjast með þróun á sínu starfsviði og koma ábendingum til bókasafns ef breyting verður á kennsluefni.

Nemendur bera ábyrgð á að notfæra sér þá þjónustu bókasafnsins sem í boði er hverju sinni og geta komið með ábendingar um innkaup á safninu.

Bókasafn er ábyrgt fyrir að tryggja aðgang að nýjasta mögulega kennsluefni skólans.

4. Framkvæmd

Nýr bókalisti er unninn samkvæmt VKL-305 af áfangastjórn og skólastjórum. Hann berst bókasafni sem endurnýjar bókakost samkvæmt nýjum bókalista og setur bókalistann á vef skólans til upplýsinga fyrir nemendur og foreldra.

Forstöðumaður bókasafns hefur einnig heimild til kaupa á safnefni innan fjárhagsáætlunar safnsins. Hann samþykkir reikninga í samþykktarkerfi.

6. Tilvísanir í skjöl

Sjá einnig [VKL-208](#) Þjónusta bókasafns við nemendur.
[VKL305](#) Endurnýjun kennsluefnis fyrir skóla og bókasafn

7. Viðeigandi skrár

Flokkun og skráning bóka er framkvæmd samkvæmt alþjóðlegum stöðlum, safnefni er skráð í bókasafnskerfið Gegni.